



Áfangi: VÉL201G – Tölvuteikning og framsetning
Afhent: 26. mars 2018
Skil: 20. apríl 2018

Stóra teikniverkefnið

LÝSING:

Í stóra teikniverkefninu megið þið vinna 3-4 í hóp. Skila á teikningasetti sem inniheldur smíðateikningar, samsetningateikningar og samantekt um hönnunina. Gerð er krafa um að teikningasettið verði fagmannlega unnið og innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir smíði. Að auki eiga allir nemendur að skila jafningjamati (þið fáið sniðmát) þar sem lagt er mat á verkefnavinnuna og vinnu samnemenda. Jafningjamatið gildir einungis til lækkunar; þ.e., ef kemur í ljós að einhverjir hópmeðlima lögðu ekki fulla vinnu í verkefnið og einnig ef jafningjamati er ekki skilað.

VIÐFANGSEFNIÐ:

Teikna á fjölnota húsgagn fyrir lítil rými, frjálst val er á viðfangsefninu. Húsgagnið á að vera stílhreint, fjölnota, sett saman úr amk. 40-50 einingum og/eða metnaðarfullt. Um að gera að nota hugmyndaflugið. Ef þið eruð ekki viss umhvort húsgagnið standist kröfur verkefnisins – hafið þá samband við Rúnar.

Dæmi um fjölnota húsgögn: [Google 1](#), [Google 2](#), [YouTube](#), [Kickstarter](#), [Trendhunter](#), [GO Downsize](#), [Stóll á Trendhunter](#)

Hér getið þið fengið upplýsingar um festingar, hlutanúmer þeirra og stærðir www.haeefe.de

TEIKNINGASETTIÐ

Uppbygging teikningasettsins á að vera eftirfarandi.

- Forsíða
- Inngangur + greinargerð um hönnunina og kostnaðarmat
- Sprengimynd ásamt efnislista (ath. hafa alla dálka skv. forskrift auk kostnaðardálks)
- Smíðateikningar af öllum einingum sem þarf að smíða
- Isometrískar myndir af hönnuninni samansettri
- Tvívíðar samsetningarmyndir af hönnuninni